

Ályktun um fjármagn til sóknaráætlana

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, skorar á innviðaráðherra og Alþingi að auka fjármagn til sóknaráætlana.

Krónutala til sóknaráætlana hefur ekki hækkað í áratug og mál sem tengjast velferð, samfélagi og velsæld íbúa fá þar af leiðandi ekki brautargengi við val á áherslum. Það er því sífellt minna fjármagn sem hægt er að veita í samfélagsleg verkefni sem eru til þess fallin að efla samfélögin og samstarf þeirra.

Greinargerð:

Samfélagsleg verkefni sem eru mjög mikilvæg mál eru þau sem oft víkja fyrst þegar takmarkað fjármagn er til skiptanna. Þessi verkefni eru t.d. ungmennaping, efling fjölmenningarlegra verkefna, samstarf í uppbyggingu menningarverkefna og samstarf innan starfssvæða sóknaráætlana sem líða fyrir minna fjármagn. Það er því menning, upplifun íbúa og samskipti sem oftast verða undir og þannig dregur úr stuðningi við verkefni sem ætluð eru til að stuðla að uppbyggingu samfélaga til að auka vellíðan íbúa og gesta.